

## Samningur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands kt. 670169-0499, í samningi þessum nefnt ÍSÍ, gera með sér svofelldan samning um ráðstöfun á framlagi á fjárlögum til rekstrar ÍSÍ.

### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Markmið með stuðningi við ÍSÍ er að stuðla að því að landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði sem tekur mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf eins og kveðið er á um í íþróttalögum. ÍSÍ skal efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi í landinu. ÍSÍ veitir sérsamböndum, héraðssamböndum og íþróttafélögum aðstoð, stendur fyrir fræðslu og er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar og ber m.a. ábyrgð á þátttöku Íslands í Ólympíuleikum. Á samningstímanum taka samningsaðilar mið af stefnumótun ráðuneytisins í íþróttamálum sem gefin var út árið 2011 og gildir til 2015.

### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa fyrir árið 2017 er 143,7 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 20 m.kr. vegna Ólympískra verkefna.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að áfram verði veitt framlag til samningsins enda standi ÍSÍ við skuldbindingar sínar.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárheimildum til málefnasviðs 19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttu fjárhagsumhverfi.
- 2.4. Eftirfarandi lagaákvæði, sem aðilar hafa kynnt sér liggja til grundvallar samningi þessum og teljast hluti hans eftir því sem við á: Íþróttalög nr. 64/1998, lög um ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sem fjalla um skyldur og heimild Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með samningnum og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

### 3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1. ÍSÍ ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. ÍSÍ skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. ÍSÍ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. ÍSÍ er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

- 4.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

- 4.2. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning viðskiptabanka ÍSÍ.
- 4.3. ÍSÍ skilar ráðuneytinu áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu markmið sem unnið verður eftir fyrir lok mars. Einnig skilar ÍSÍ ráðuneytinu upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri ÍSÍ á næsta starfsári.
- 4.4. Ráðuneytið boðar fulltrúa ÍSÍ a.m.k. á einn formlegan fund á árinu um framkvæmd samningsins.
- 4.5. ÍSÍ ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. ÍSÍ veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytinu er heimilt að framkvæma eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið aðgang að gögnum hjá ÍSÍ sem við koma samningnum.
- 4.6. Gera skal grein fyrir framlagi ríkisins í ársreikningi ÍSÍ. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 4.7. ÍSÍ skal fyrir lok maí 2018 skila inn greinargerð um framkvæmd samningsins og hvernig styrknum var ráðstafað í samanburði við áætlun og skilar ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi fyrir árin 2016 og 2017 með skýringum og skal afrit sent Ríkisendurskoðun.
- 4.8. Eigi ÍSÍ í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda ÍSÍ eða annarra aðila skulu þeir fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.


## 5. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 5.1. ÍSÍ tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir ÍSÍ frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 5.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr, stöðva og endurkrefja um greiðslur uppfylli ÍSÍ ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli
- 5.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 6. Gildistími og lok samnings

- 6.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 og gildir til 31. desember 2017.
- 6.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 6.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 6.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 28. júlí 2016

  
Illugi Gunnarsson  
mennta- og menningarmálaráðherra

  
Láraus Blöndal  
forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands